



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Helga Kristín Kolbeins, skólameistari
Dalavegi 2
900 VESTMANNÆYJUM

Reykjavík 22. mars 2023
Tilv.: MRN22100055/3.1

Með tilkomu laga um opinber fjármál nr. 123/2015 er tilefni til að endurskoða árangursstjórnunarferlið í heild sinni. Fjárveitingabréfið er, á grundvelli 28. gr. laganna, liður í því og er viðbúið að framsetning og efni bréfsins taki einhverjum breytingum er fram líða stundir.

Fjárveitingabréfinu er ætlað að veita **yfirsýn** yfir **tengingar** milli:

- Stefnu málefnasviðs/málaflokks í fjármálaáætlun,
- fjárveitinga til ríkisaðila, sbr. fjárlög og
- framkvæmdar, sbr. stefnumiðaða áætlun ríkisaðila í A-hluta fyrir þrjú ár.

Fjárveitingabréfið upplýsir **formlega** um staðfestingu á stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila í A-hluta til næstu þriggja ára, sbr. 31. gr. laganna, og samþykki á ársáætlun, sbr. 32. gr. laganna.

1. Markmið og áherslur málefnasviðs og/eða málaflokks

Starfsemi Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum fellur undir **málefnasvið 20 framhaldsskólastig og málaflokk 20.1 Framhaldsskólar**. Í gildandi fjármálaáætlun eru framtíðarsýn og meginmarkmið sett fram fyrir málefnasviðið en markmið, mælikvarðar og aðgerðir sem vinna skal að á tímabili áætlunarinnar koma fram undir málaflokknum.

Framtíðarsýn er að fleiri einstaklingar verði virkir þátttakendur í samfélaginu, vel undirbúnir fyrir þátttöku á vinnumarkaði, tæknibreytingar og fræðilegt og/eða starfstengt framhaldsnám.

Meginmarkmið er að veita framúrskarandi menntun um allt land með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært.

Markmið málaflokksins hafa víðtæka tengingu við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar, velsældaráherslur ríkisstjórnar og styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

1. Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og jafna kynjadreifingu.
2. Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma.
3. Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.

2. Stefnumiðuð áætlun ríkisaðila

Stefnumiðuð áætlun Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er staðfest. Hún er í samræmi við gildandi stefnu yfirvalda fyrir það/þau málefnasvið/málaflokk sem við á og innan fjárveitinga.

Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi á árunum 2023-2025 eru að:

1. Minnka brotthvarf nemenda.
2. Fleiri nemendur stundi nám á verknámsbrautum og jafna kynjadreifingu á þessum brautum.
3. Efla gæði náms og kennslu.

3. Ársáætlun og fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir 2023

Ársáætlun skal sýna ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með fjárlögum og áætluð rekstargjöld, tekjur og fjárfestingu. Ársáætlun skal vera innan ramma fjárveitinga rekstrarársins að teknu tilliti til höfuðstóls fyrra árs. Bókhald skal fært með þeim hætti að það gefi rétta mynd af stöðu stofnunar á hverjum tíma. Ef veruleg frávik verða frá ársáætlun innan rekstrarársins hvílir sú skylda á forstöðumanni að tilkynna ráðuneytinu án tafar ástæður þeirra frávik og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim.

Að teknu tilliti til neðangreinds er ársáætlun Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum fyrir rekstrarárið 2023 samþykkt.

Útgjaldarammi er **429,5** m.kr. skv. fjárlögum 2023.

Stofnun/verkefni	Laun	Önnur gjöld	Eigna- kaup	Til- færslur	Gjöld	Tekjur	Greiðsla
≡ Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	314,2	92	23,0		429,5	-11,6	417,9
V 101	314,2	92			406,5	-11,6	394,9
V 601			23,0		23,0		23,0
Samtals:	314,2	92	23,0		429,5	-11,6	417,9

Helstu breytingar frá fjárlögum 2022 eru eftirfarandi:

Stofnun/liður	Laun	Önnur gjöld	Eigna- kaup	Til- færslur	Gjöld	Tekjur	Greiðsla
≡ Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	-9,1	4,5	2,2		-2,4	-1,3	-3,7
≡ V 101	-9,1	4,5			-4,6	-1,3	-5,9
Lækkun ferðakostnaðar gerð varanleg					-0,4		-0,4
Aðhald í rekstri	-1,7	-0,5			-2,2		-2,2
Uppfærð breyting á reiknilkani framhaldsskóla	-2,7	-1,4			-4,1		-4,1
Uppfærsla á reiknilkani og nemendatölum	-9,2	-2,7			-11,9		-11,9
Leiðrétting á sértekjum	0,2				0,2	-0,2	
Launa-, gengis-, og verðlagsreikningur	4,3	9,1			13,4	-1,1	12,3
Lækkun ferðakostnaðar frá 2022 gengur til baka		0,4			0,4		0,4
≡ V 601			2,2		2,2		2,2
Launa-, gengis-, og verðlagsreikningur			2,2		2,2		2,2
Samtals:	-9,1	4,5	2,2		-2,4	-1,3	-3,7

Ráðuneytið minnir á að launabætur reiknast á launafjárheimild fjárlaga sbr. tegundaskiptingu hér að framan, en ekki fjárhæð á launalið ársáætlunar. Mikilvægt er að tryggja að tegundaskipting í fjárlögum sé í samræmi við ársáætlun og rauntölur. Ef um teljandi frávik er að ræða er óskað eftir að stofnun veki athygli á því og sendi ráðuneytinu rökstuddar tillögur að breytingum sem stuðst verður við í fjárlagagerð 2024. Þessar upplýsingar þurfa að berast ráðuneytinu fyrir **15. maí 2023**.

4. Áherslur stjórnvalda í ríkisrekstri

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur óskað eftir að fagráðuneyti komi á framfæri ýmsum áhersluverkefnum ríkisstjórnarinnar sem eiga almennt við um allar ríkisstofnanir og er ætlað að stuðla að umbótum í ríkisrekstri, sjá fylgiskjal með bréfi þessu. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun jafnframt birta þessar áherslur á vef Stjórnarráðsins svo þær séu aðgengilegar.

5. Skýrslugjöf og eftirfylgni

Ráðuneytið leggur áherslu á uppbyggileg og góð samskipti við framkvæmd laga um opinber fjármál. Innleiðing og framkvæmd laganna er ferli stöðugra umbóta.

Næstu skref eru undirbúningur fjármálaáætlunar 2024-2028 sem leggur línurnar fyrir þriggja ára stefnumiðaðar áætlanir ríkisaðila 2024-2026 og fjárlög 2024. Gert er ráð fyrir fundum ráðuneytisins með hverri stofnun a.m.k. einu sinni á árinu 2023. Þar fyrir utan verði fundir ef þörf krefur, t.d. vegna stefnumótunar málefna sviðs og málaflokka í fjármálaáætlun, yfirferðar á markmiðum og mælingum sem þeim tengjast, yfirferðar á áætlunum og yfirferðar á ársskýrslu.

Samskipti, skýrslugjöf og eftirfylgni		
Mánuðir	Ráðuneyti	Stofnun
Janúar		
Febrúar	Vinnur lokaafkomuskýrslu fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið og fjárlaganefnd.	Tilkynnir ástæður frávika í innsendri áætlun 2023 og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, fyrir 28. febrúar , ef veruleg frávik verða frá áætlaðri áramótasstöðu miðað við bókhald ársins 2022.
Mars	Yfirfer innsenda tekjuáætlun 2023-2025 vegna fjárlagagerðar 2024.	Sendir endurskoðaða tekjuáætlun fyrir 15. mars – ef talin er þörf á því vegna breytinga á áætluðum tekjum frá innsendri þriggja ára áætlun.
Apríl	Fundur fagskrifstofu með einstökum stofnunum um faglegar áherslur ársins.	Sendir skýringar á frávikum frá áætlun og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, fyrir 22. apríl , – ef veruleg frávik eru á áætlaðri stöðu miðað við bókhald fyrsta ársfjórðungs. Skila fjárlagatillögum fyrir 20. apríl fyrir árið 2024 (sbr. 22. gr. LOF).
Mái		Upplýsir ef breyta þarf hagrænni skiptingu fjárveitinga og/eða fjárfestingarframlagi fyrir árið 2024, fyrir 8. maí .
Júní	Birtir ársskýrslu ráðherra 1. júní . Í kjölfar samþykktar Alþingis á fjármálaáætlun 2024-2028: Upplýsir um meginforsendur fyrir fjárveitingar komandi árs – ef um verulegar breytingar er að ræða, eftir því sem vinnu við skiptingu fjárheimilda málaflokka miðar fram.	Hefur vinnu við stefnumiðaða áætlun 2024-2026 (stefnuskjal), í kjölfar samþykktar Alþingis á fjármálaáætlun.
Júlí		Sendir skýringar á frávikum frá áætlun og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, fyrir 22. júlí , – ef veruleg frávik eru á áætlaðri stöðu miðað við bókhald annars ársfjórðungs.
Ágúst		Upplýsir ef breyta þarf fjárfestingarframlagi ársins 2023, fyrir 15. ágúst
September	Kallar eftir ársáætlun, stefnumiðaðri áætlun (stefnuskjal) 2024-2026. Fundur skrifstofu með einstökum stofnunum um fjármál og áætlanagerð.	

	Boðar til sameiginlegs fundar með stofnunum, sem haldinn skal fyrir 15. október. Á fundinum verðar línur vegna vinnunnar lagðar.	
Október		Í kjölfar framlagningar á fjárlagafrumvarpi 2024 ásamt fylgiriti og greinargerð: Skilar ársáætlun 2024 og stefnumiðaðri áætlun 2024-2026 (stefnuskjali) og fjárlagatillögum fyrir árið 2025, fyrir 15. október . Sendir skýringar á frávikum frá áætlun og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, fyrir 22. október , – ef veruleg frávik eru á áætlaðri stöðu miðað við bókhald þriðja ársfjórðungs.
Nóvember	Yfirfer innsenda ársáætlun 2024 og stefnumiðaða áætlun (stefnuskjal) og samþykki/staðfestir með fyrirvara um breytingar Alþingis á fjárlagafrumvarpi, fylgiriti og/eða greinargerð. Endanleg fjárveiting til stofnunar mun liggja fyrir innan tveggja vikna frá samþykki fjárlaga.	Sendir endurskoðaða ársáætlun 2024 til samþykktar – ef breytingar verða á fjárveitingu í meðföllum Alþingis.
Desember	Samþykki ársáætlun og staðfestir stefnumiðaða áætlun (stefnuskjal) með fjárveitingabréfi, enda séu kröfur uppfylltar.	Færir ársáætlun 2024 í ORRA fyrir 31. desember.

Ráðuneytið óskar eftir því að stofnunin skili ársskýrslu fyrir árið 2022 fyrir **1. apríl 2023**. Í skýrslunni skal gera grein fyrir eftirfarandi þáttum:

- Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun stofnunar, stöðu árangursmælikvarða.
- Framvindu og ávinningi af áhersluverkefnum.
- Fjárhagslegri afkomu: Ársreikningur.
- Almennri starfsemi; kjarnastarfsemi og rekstrarþáttum og öðrum áherslum.

Fyrir hönd ráðherra



Árni Jón Arnason



María Þorgerður Guðfinnsdóttir

Áherslur í ríkisrekstri fyrir árið 2023

Áherslur í ríkisrekstri miða að bættri og skilvirkari þjónustu ríkisstofnana við almenning og fyrirtæki í landinu með aukinni sjálfsafgreiðslu, öflugri og vistvænni rekstri og markvissri mannauðsstjórnun. Til þess að ná því markmiði er mikilvægt að stofnanir leggi áherslu á eftirfarandi þætti til þess að ná fram auknum samfélagslegum árangri.

Veiti betri og skilvirkari opinbera þjónustu

Tryggi gagnkvæman ávinning af innleiðingu [betri vinnutíma](#) með því að vinna áfram að umbótum í starfsemi sem bætir gæði þjónustu, eykur skilvirkni og bætir vinnustaðamenningu.

Taki upp samstarf við Ísland.is og nýta allar [kjarnavörur hjá Stafrænu Íslandi](#) til þess að auka framboð stafrænnar þjónustu og nýta þær tæknilausnir sem þegar eru til. Í því tilliti er mikilvægt að greina innri ferla í starfsemi með tilliti til stafvæðingar og aukinnar skilvirkni.

Nýti sér [öryggisflokkun gagna](#) til þess að tryggja öryggi og aðgengileika upplýsinga sem ríkinu ber að halda utan um.

Rýni eldri upplýsingatæknisamninga og hugi að [samningsstöðu og stefnumótandi nálgun](#) við öll verkefni á sviði upplýsingatækni.

Nýti skýjaþjónustur þar sem við á í samræmi við [stefnu um öryggi og þjónustu fyrir hýsingarumhverfi](#) meðal annars í gegnum [samning um skýja, hýsingu- og rekstrarþjónustu](#).

Tryggi öryggi stafrænnar þjónustu og kynni sér í því skyni [netöryggisstefnu stjórnvalda](#).

Efli sig sem góðan vinnustað og styrki hæfni sína til að veita góða þjónustu

Móti og virki mannauðsstefnu sem styður við markmið stofnunar. Nýti [mannauðstorg ríkisins](#) fyrir allar upplýsingar um mannauðsmál og setji sér mælikvarða sem stuðla að árangri í þjónustu og starfsemi.

Útbúi [starfsþróunaráætlun](#) sem skapar umgjörð fyrir markvissa og stefnumiðaða starfsþróun. Nýti endurmenntun til þess að efla starfsfólk til að sinna stafrænni þjónustu meðal annars með því að nýta starfsþróunarsjóði og [námskeið í Microsoft 365](#).

Viðhaldi jafnlaunavottun og tryggi jafnrétti í störfum og þjónustu.

Viðhafi gagnsæja stjórnarhætti þar sem almenningur hefur aðgang að skýrum, traustum og áreiðanlegum upplýsingum um starfsemi stjórnvalda og opinber málefni í samræmi við [upplýsingastefnu stjórnvalda](#).

Stundi öflugan og vistvænan rekstur

Setji sér metnaðarfull markmið í [loftslagsstefnu stofnunar](#) meðal annars um samdrátt í losun vegna flugs og annarra samgangna, sporni gegn matarsóun í mótuneytum og ljúki við öll [Græn skref í ríkisrekstri](#).

Auki framboð stafrænnar þjónustu til þess að minnka kolefnisfótspor starfseminnar í samvinnu við [Ísland.is](#).

[Öll störf séu auglýst óstaðbundin](#) nema sérstakar aðstæður krefjist annars.

Nýti þjónustu [Ríkiskaupa](#) og innkaupakerfi til þess að auka hagkvæmni innkaupa og kynni sér [Nýsköpunarmót](#) við úrlausn krefjandi áskorana í starfsemi með því að tileinka sér nýskapandi hugsun í rekstri og greina tækifæri til hagræðingar.

Kynni sér möguleika við samrekstur og samnýtingu aðstöðu í gegnum [FSRE](#).

Hagnýti að fullu þær afurðir [Microsoft 365](#) sem standa til boða til þess að bæta ferla og auka hagnýtingu gagna, á borð við Power BI og Power Automate.

Kynni sér möguleika [Fjárfanga](#) ehf. til að fjármagna stofnkostnað viðaminni fjárfestinga sem stuðli að umbótum og hagræði.